

Miðvikudaginn 22. júní 1927.

Nr. 23/1927. **Oddur Gíslason bæjarfógeti á Ísafirði f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar-kaupstaðar** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Gísla Magnússyni (Enginn).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetarjettar Vestmannaeyja 16. okt. 1926: Hið umbeðna lögtak á ekki fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Sumarið 1925 stundaði vjelbáturinn »Aldan« frá Vestmannaeyjum sildveiðar frá Ísafirði og lagði aflann þar á land. Um haustið í septembermánuði lagði niðurjöfnunarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar 300 kr. aukaútsvar á bátinn og hefir í málinu verið lagt fyrir hæstarjett vottorð formanns niðurjöfnunarnefndar kaupstaðarins um, að niðurjöfnunin hafi verið auglýst og legið frammi hjá bæjargjaldkera lögákveðinn tíma. Útsvarið var ekki greitt áður en báturinn fór frá Ísafirði og var því beiðst innheimtu á því í Vestmannaeyjum, og er greiðslu útsvarsins var neit að þar krafðist bæjarfógeti Ísafjarðar 27. apríl f. á. að útsvarið yrði tekið lögtaki, en þessu var synjað í fógetarjetti Vestmannaeyjakaupstaðar með úrskurði 16. okt. f. á.

Úrskurði þessum hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 2. mars þ. á. og þess krafist, að hann verði feldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma lögtakið. Svo hefir áfrýjandi einnig krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í hæstarjetti eftir mati rjettarins.

Áfrýjunarstefnan hefir verið löglega birt stefnda, en enginn hefir mætt af hans hálfu í hæstarjetti og hefir því málið verið flutt þar skriflega samkvæmt 1. lið 2. málsg. 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Fógetarjettur Vestmannaeyja hefir synjað um lögtakið af þeim ástæðum, að útsvarið hafi verið lagt á vjelbátinn en ekki stefnda sjálfan og að báturinn sje ekki skrásett atvinnufyrirtæki. En á þetta verður ekki fallist. Sildveiði bátsins var atvinnufyrirtæki rekið frá Ísafjarðarkaupstað, er niðurjöfnunarnefnd kaupstaðarins var heimilt samkvæmt 19. gr. í lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, sþr. 1. gr. 2. málslíð í lögum nr. 47, 27. júní 1921, að leggja aukaútsvar á og gera bátnum þ. e. útgerðarmanni hans að greiða. Og þar sem því hefir ekki verið mótmælt, að stefndi, sem er eigandi vjelbátsins »Aldan«, hafi gert bátinn út á sildveiðarnar frá Ísafirði, ber að fella hinn áfrýjaða fógetarjettarúrskurð úr gildi og skylda fógeta Vestmannaeyja til að framkvæma lögtakið.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskosnað í hæstarjetti, er ákveðst 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður er úr gildi feldur og ber fógeta Vestmannaeyjakaupstaðar að framkvæma lögtakið.

Stefndi Gísli Magnússon greiði áfrýjanda bæjarfógeta Oddi Gíslasyni f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Það verður að fallast á það með gjörðarpóla að þar sem umkrafid útsvar er ekki lagt á sjálfan hann verði ekki gert lög-
tak hjá honum fyrir því. Og þar sem lögtaks auk þess er krafist
í bátnum „Aldan“ og á hans (bátsins) kostnað, sem ekki er neitt
skrásett atvinnufyrirtæki er ekki heldur hægt að gera það hjá
gjörðarpóla fyrir hönd bátsins.

Miðvikudaginn 22. júní 1927.

Nr. 18/1927.

Gísli Gíslason

gegn

Þórði Bjarnasyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gísli Gíslason, er eigi mætir í málinu,
greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju
vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti — Svo greiði
hann og stefnda, Þórði Bjarnasyni, er hefir látið
mæta í málinu, 40 kr. í ómaksbætur að viðlagðri að-
för að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1927.

Nr. 31/1927.

Þorsteinn Jónsson o. fl.

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Guðm. Ólafssyni f. h Trueba y

Pardo (Sjálfur).

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjendurnir ljetu mæta í rjettinum, leggja fram
stefnu og biðja um frest í málinu til þess að leggja